

#### 4. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Fimmtudaginn 1. mars 2018 var fundur haldinn í sameiningarnefnd A-Hún kl 14.30 í Húnavallaskóla.

**Mætt voru:** Þorleifur Ingvarsson, Þóra Sverrisdóttir, Einar K. Jónsson, Vignir Sveinsson, Magnús Björnsson, Dagný Úlfarsdóttir, Hörður Ríkharðsson, Valgarður Hilmarsson, Arnar Þór Sævarsson og Adolf Berndsen.

Þorleifur Ingvarsson, formaður nefndarinnar setti fundinn og fól Einari Kristjáni Jónssyni að rita fundargerð.

##### 1. Fundargerð frá 10. janúar 2018.

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nefndarinnar frá 10. janúar 2018. Fundargerðin var samþykkt.

##### 2. Fundargerð framkvæmdaráðs, frá 26. janúar 2018.

Fyrir fundinum lá fundargerð Framkvæmdaráðs frá 26. janúar 2018. Framkvæmdaráð fundaði þann dag ásamt fulltrúum Ráð-ríks, þeim Svanfríði Jónasdóttur og Guðnýju Sverrisdóttur. Jafnframt var á þeim fundi skrifað undir samstarfssamning við Ráð-rík. Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

##### 3. Greinargerð Ráð-ríks.

Svanfríður Jónasdóttir, ráðgjafi hjá Ráð-rík fór yfir það starf sem fyrirtækið hefur þegar unnið. Meðal annars greindi hún frá því að fjölmargir fundir hefðu verið haldnir með félagasamtökum og fyrirtækjum í Austur-Húnavatnssýslu á síðustu vikum. Jafnframt lagði hún fram drög af skýrslu sem sýnir samtekt af þessum fundum. Ennfremur var ákveðið að halda íbúafundi vegna framtíðarskipan sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, bæklingur verður gefinn út þar sem fundirnir verða auglýstir. Samþykkt var að ganga til samstarfs við huna.is um að þeir myndu halda úti upplýsingavef tengdum vefnum huni.is þar sem fram kæmu upplýsingar sem verkefninu tengist.

Fleira ekki gert fundi slitið klukkan 16:11